



## Fundargerðir 1 & 2. fundar faghóps I

Umhverfisráðuneytinu 17. & 18. desember 2007.

**Mætt:** Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Hilmar Malmquist (sat fundinn 18. des.), Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Sólborg Una Pálsdóttir.

**Forföll:** Freysteinn Sigmundsson, Freysteinn Sigurðsson.

1. Meginefni tveggja fyrstu funda faghópsins var kynning formanns á þeirri vinnu sem farið hafði fram í samskonar faghópi í 1. áfanga rammaáætlunar 1999-2003. Formaður notaðist við tvær kraftbendils-sýningar (power-point) sem einnig var dreift til fundarmanna:
  - a. Aðferðafræði faghóps I í 1. áfanga rammaáætlunar
  - b. Mat á náttúruverðmætum og röðun virkjunarkosta. Niðurstöður faghóps 1.
2. Í umfjöllun um aðferðafræðina var m.a. rætt um helstu gagnrýnisraddir sem fram höfðu komið. M.a. var minnst á gagnrýni Ragnheiðar Ólafsdóttur, umhverfisfulltrúa Landsvirkjunar, og talið rétt að kanna hvort skriflegar heimildir um hana væru tiltækar. Einnig var minnt á gagnrýni Steinunnar Atladóttur, starfsmanns Samorku, sem m.a. birtist í erindi Samorku til Verkefnisstjórnar haustið 2007 og fundarmenn báðu um að fá í hendur.
3. Í sýningu formanns (mynd 2 í b. að ofan) kom fram yfirlit yfir þau gögn sem lágu fyrir vegna mats 1. áfanga. Einnig kom fram að safn ljósmynda (ca. 300 myndir) frá faghópi 1 var sendur til Orkustofnunar ívið starfslok hópsins.
4. Fram kom að faghópurinn þyrfti a.m.k. að skoða og meta eftirtalda þætti: a) Sjálfbærni, b) óbein áhrif, c) áhrif út á sjó, c) afturkræfni, d) vogtölur, e) dreifingu einkunna, f) áhrif neðan stífla (eingöngu rennu eða lengra upp á bakka?), g) skilgreina áhrifasvæði.
5. Ákveðið var að fastur fundatími hópsins yrði á fimmtudögum Kl. 10:30-12:30 og fyrst um sinn yrði stefnt að fundum aðra hverja viku. Næstu fundir voru ákveðnir 15. Jan. og 29. Jan.
6. Fyrir næsta fund mun starfsmaður senda fundarmönnum:
  - a. Eintök af niðurstöðuskýrslu 1. áfanga og framvinduskýrslu frá vorinu 2007.
  - b. Greiningu Sigurðar Arnalds á aðferðafræði fyrir Landsvirkjun
  - c. Ljósrit af greinum um norsku aðferðina úr fórum Þóru
  - d. Erindi frá Samorku til verkefnastjórnar haustið 2007 (sjá lið 2 að ofan).